

Reglur Stefnis hf.

um meðferð umboðsatkvæða

1. Gildissvið, hlutverk og tilgangur

- 1.1. Reglur þessar gilda um meðferð og beitingu hluthafaréttinda í eigu verðbréfasjóða, sbr. lög um verðbréfasjóði nr. 116/2021, sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta- og annarra sérhæfðra sjóða í rekstri Stefnis hf., sbr. lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða (rssl.)
- 1.2. Reglurnar taka til allra sjóða í rekstri félagsins skv. 1.1. gr. þar sem hlutdeildarskírteini sæta með reglulegum hætti innlausn að kröfu hlutdeildarskírteinishafa – hér eftir nefndir „sjóðir eða sjóðirnir“. Í reglunum er leitast við að skýra hlutverk, verksvið og ábyrgð þeirra aðila sem koma að beitingu hluthafaréttinda sjóðanna.
- 1.3. Reglur þessar taka mið af ákvæðum laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði reglugerð nr. 471/2014 um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Þá taka reglurnar mið af ákvæðum laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2013 (AIFMR) um almenn rekstrarskilyrði rekstraraðila sérhæfðra sjóða o.fl. Gildissvið reglna þessara er rýmra en reglugerðirnar kveða á um, sbr. gr. 1.1.
- 1.4. Stefnir beitir hluthafaréttindum sjóðanna í samræmi við mat á hagsmunum þeirra, m.a. við atkvæðagreiðslu á hluthafafundum. Í því felst að ekki telst nauðsynlegt að beita atkvæðisrétti í öllum tilfellum og miðast að öllu jafnu við að sjóðir í rekstri Stefnis fari fyrir 1% eða meira af atkvæðavægi á hluthafafundi. Þá kann að vera að hagsmunir sjóðanna af niðurstöðu mála sé ólíkur og að hluthafaréttindum þeirra sé því ráðstafað með ólíkum hætti. Í reglunum koma fram þau viðmið sem almennt er litið til við ákvarðanatöku um beitingu atkvæðisréttar.
- 1.5. Reglurnar taka m.a. á þeim ráðstöfunum sem félagið hefur útfært til þess að fylgjast með viðburðum á vettvangi þeirra félaga sem sjóðirnir hafa fjárfest í þar sem til greina kemur að beita atkvæðisrétti eða ráðstafa hluthafaréttindum. Þá fjalla reglurnar um starfshætti við ákvarðanatöku um hvort beita skuli réttindum hlutafhafa og með hvaða hætti það skuli gert, að teknu tilliti til hagsmuna og stefnu sjóðanna.
- 1.6. Ákvörðun um beitingu hluthafaréttinda skal falin sérstakri nefnd. Hlutverk nefndarinnar er að meta hvort og með hvaða hætti sé rétt að beita hluthafaréttindum sjóða í rekstri félagsins, m.a. hvað varðar boðaða hluthafafundi þeirra félaga sem sjóðirnir hafa fjárfest í. Tilgangur nefndarinnar er að leitast við að tryggja hagsmunum sjóða í rekstri félagsins með hag þeirra að leiðarljósi og í samræmi við umboðsskyldu Stefnis gagnvart þeim.

2. Innihald

- 2.1. Reglurnar fjalla m.a. um:
 1. Hlutverk, tilgang og skipan nefndar um hluthafaréttindi.
 2. Eftirlit með hluthafaviðburðum.
 3. Birtingu upplýsinga um beitingu atkvæðisréttinda.
 4. Tillögurétt fyrir nefndinni, ákvarðanir og skráningu þeirra.
 5. Sjónarmið við beitingu hluthafaréttinda.
 6. Umboð starfsmanna við mætingu til hluthafafunda.

3. Skipan nefndar, atkvæðisréttur og fundartími

- 3.1. Nefnd um hluthafaréttindi starfar óskipt og hefur til umfjöllunar þau tilvik sem varða beitingu hluthafaréttinda þeirra sjóða sem reglur þessar taka til.
- 3.2. Í nefndinni skulu þessir eiga sæti: Framkvæmdastjóri Stefnis - formaður, formaður UFS ráðs Stefnis, forstöðumenn teyma þeirra sjóða sem eiga þau hluthafaréttindi sem til álita kemur að beita hverju sinni. Nefndarmenn geta skv. framansögðu hið minnsta verið þrír. Nefndinni er heimilt að leita álits annarra sérfræðinga s.s. sjóðstjóra, lögmannna eða regluvarðar til umfjöllunar um einstök mál eða tillögur hluthafafunda í heild.
- 3.3. Formaður kemur fram fyrir hönd nefndarinnar. Formaður getur veitt öðrum nefndarmönnum umboð til að fara með afmarkaðar heimildir starfsskyldu sinnar.
- 3.4. Formaður nefndarinnar ber meginábyrgð á að hún gegni hlutverki sínu með skilvirkum og skipulögðum hætti og skal stuðla að virkni í allri ákvarðanatöku hennar. Formaður boðar fundi nefndarinnar. Þá skal hann sjá til þess að ákvarðanir nefndarinnar og umræður eftir því sem efni standa til séu teknar saman skriflega. Samantekt fundar skal send til fundarmanna til staðfestingar þegar að loknum fundi og að jafnaði áður en til beitingar hluthafaréttinda kemur.
- 3.5. Fundir nefndarinnar skulu haldnir í aðdraganda hluthafaviðburða eða þegar til álita kemur að beita hluthafaréttindum sjóðanna. Fundir skulu að jafnaði haldnir á starfsstöð félagsins en þá má halda á öðrum stað skv. ákvörðun formanns. Heimilt er að halda fundi með aðstoð rafrænna miðla.

4. Eftirlit með hluthafaviðburðum

- 4.1. Stefnir fylgist með tilkynningum um hluthafaviðburði, svo sem hluthafafundi, með öllum helstu upplýsingaveitum sem félagið nýtir í starfsemi sinni, svo sem upplýsingakerfi Bloomberg, upplýsingakerfum tengdum kauphöllum og í gegnum vörslufélag sjóðanna.

5. Upplýsingar um beitingu atkvæðisréttar

- 5.1. Stefnir birtir árlegt yfirlit um beitingu atkvæðisréttar á hluthafafundum á heimasíðu sinni í kjölfar þeirra hluthafafunda sem mætt er til. Upplýsingar skulu birtar um hvernig atkvæði hafa verið greidd um hvern einstakan dagskrárlið þeirra hluthafafunda sem mætt er til.

6. Tillöguréttur, málflutningur og ákvörðunarbærni

- 6.1. Tillögurétt um beitingu hluthafaréttinda fyrir nefndinni hafa ekki aðrir en nefndarmenn. Telji þriðji aðili að rétt væri að beita hluthafaréttindum ber honum að beina ábendingu sinni til nefndarmanns sem getur þá tekið málið upp á vettvangi nefndarinnar.
- 6.2. Nefndin er ákvörðunarbær þegar meirihluti nefndarmanna sækir fund. Einfaldur meirihluti atkvæða sem greidd eru á fundi nefndarinnar ræður úrslitum við ákvörðun hennar. Tillögur falla á jöfnum atkvæðum.

7. Hagsmunaárekstrar

- 7.1. Ákvörðun um beitingu hluthafaréttinda ber að grundvallar á hagsmunum þeirra sjóða sem réttindin tilheyrja. Við ákvarðanatökuna kunna hagsmunaárekstrar að koma upp. Stefnir hefur sett sér stefnu um hagsmunaárekstra, að undangenginni greiningu á starfsemi félagsins og þeim hlutverkum sem starfsmenn þess gegna. Stefnan gildir í allri starfsemi félagsins og er útdráttur stefnunnar birtur á heimasíðu félagsins.

8. Samskipti við yfirstjórnir félaga

Stefnir leggur áherslu á góða stjórnarhætti í starfsemi félagsins það felst m.a. í faglegum og uppbyggilegum samskiptum við yfirstjórnir félaga í aðdraganda hluthafafunda. Fara slík samskipti fram í gegnum formenn stjórnna félaga og/eða tilnefninganefndir þeirra.

Í samskiptum við yfirstjórnir félaga skal ávallt gætt að viðeigandi ákvæðum laga er varða innherjaupplýsingar.

Formaður nefndarinnar annast samskipti Stefnis skv. þessari grein, ásamt þeim starfsmönnum sem hann telur viðeigandi hverju sinni. Stefnir heldur skrá yfir samskipti við yfirstjórn félaganna.

9. Sjónarmið við beitingu atkvæðisréttar

9.1. Eftirfarandi er yfirlit um þau almennu sjónarmið sem nefndin lítur til við ákvarðanatöku um beitingu hluthafaréttinda. Umfjöllunin er ekki tæmandi og því kann nefndin að líta til annarra frambærilegra og viðeigandi sjónarmiða m.t.t. hagsmuna þeirra sjóða sem í hlut eiga hverju sinni.

9.1.1. Stefnir gerir kröfu um að stjórn stuðli að því að það sé jafnvægi á milli langtímahagsmuna viðkomandi félags og að hámarka virði félagsins á sem sjálfbærastan hátt.

9.2. Umhverfisþættir, félagslegir þættir og stjórnarhættir

Stefnir leggur áherslu á að þau félög sem sjóðir Stefnis fjárfesta í upplýsi um umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti í ófjárhagslegri upplýsingagjöf sinni.

9.2.1. Umhverfisþættir

Stefnir mun leita svara við viðbrögðum félags við þeirri áhættu og tækifærum sem loftslagsbreytingar og önnur málefni umhverfisþátta kunna að hafa á félagið til skemmri og lengri tíma.

9.2.2. Félagslegir þættir

Stefnir mun leita svara félags verði það uppvíst að brjóta á lögbundnum réttindum starfsmanna m.a.mannréttindum, launahlutfall forstjóra hafi hlutfallslega hækkað verulega milli ára eða nýtir starfskrafta barna eða annarra við nauðungarvinnu.

9.2.3. Stjórnarhættir

Stefnir leggur ríka áherslu á að stjórn starfi í samræmi við góða stjórnarhætti. Í því skyni ætti stjórn m.a. að :

1. Haga störfum sínum í samræmi við *Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja* sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX á Íslandi gefa út.
2. Setja sér starfsreglur sem eru yfirfarnar reglulega.
3. Meta eigin störf árlega með árangursmati ásamt því að meta störf forstjóra og undirnefnda stjórnar.
4. Birta árlega upplýsingar um stjórnarhætti.
5. Skilgreina valdheimildir forstjóra, þ.e. hvaða ákvarðanir teljast vera óvenjulegar eða mikilsháttar.

Stefnir væntir þess að stjórnarmenn taki ekki að sér önnur störf fyrir viðkomandi félag en þau sem honum eru falin sérstaklega af stjórn.

Stefnir væntir þess að undirnefndum stjórnar séu settar starfsreglur sem stjórn samþykkir og að stjórn sé haldið upplýstri um störf undirnefnda.

9.3. Stjórnarmenn - samsetning stjórnar:

- 9.3.1. Samsetning stjórnar ætti að taka mið af starfsemi og stefnu viðkomandi félags og bera með sér fjölbreytni og breidd í hæfni, þekkingu og reynslu stjórnarmanna. Við kosningu stjórnarmanna er almennt litið til eftirfarandi þátta:
 - Stjórnarmenn hafi menntun og reynslu sem nýtist við stjórnun og rekstur viðkomandi félags.
 - Kynjahlutföll séu sem jöfnust og í samræmi við ákvæði laga.
 - Stjórnarmenn búi við gott orðspor og hafi ekki sýnt af sér þá hegðun sem kann að rýra traust þeirra og trúverðuleika.
 - Meirihluti stjórnarmanna sé óháður viðkomandi félagi og stjórnendum þess og að lágmarki tveir stjórnarmenn séu jafnframt óháðir stórum hluthöfum félagsins í skilningi *leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX á Íslandi gefa út.*
- 9.3.2. Stefnir gerir kröfu um að stjórnarmenn sinni stjórnarstörfum sínum af heilindum og kostgæfni. Stjórnarmenn eiga ætíð að hafa hagsmuni viðkomandi félags og allra hluthafa þess að leiðarljósi. Stjórnarmaður sem verður uppvís að því að fara gegn hagsmunum félags mun ekki fá stuðning Stefnis til áframhaldandi stjórnarsetu.
- 9.3.3. Stefnir gerir kröfu um að stjórnarmenn taki virkan þátt í stjórnarstarfi og stuðli að því að stjórn sé ákvörðunarbær á stjórnarfundum. Verði upplýst um að stjórnarmaður hafi mætt illa á stjórnarfundum án réttmætrar ástæðu mun hann ekki fá stuðning Stefnis til áframhaldandi stjórnarsetu.
- 9.3.4. Stefnir lítur til þess hvort seta stjórnarmanns í stjórnnum annarra félaga sé líkleg til að leiða af sér hagsmunaárekstra eða hafi áhrif á ákvarðanatöku hans í málefnum félagsins. Ef stjórnarmaður, félag hans, maki eða börn veita félaginu umtalsverða sérfræðipjónustu, t.d. er varðar lögfræði og almenna rekstrarráðgjöf, mun Stefnir almennt ekki styðja viðkomandi stjórnarmann til stjórnarsetu.
- 9.3.5. Stefnir mun ekki greiða þeim aðilum sem sitja í stjórn Stefnis atkvæði, bjóði þeir sig fram til setu í stjórnnum annarra félaga.
- 9.3.6. Stefnir mun ekki greiða framkvæmdastjóra félags atkvæði, bjóði hann sig fram til setu í stjórn þess félags.
- 9.3.7. Stefnir er almennt fylgjandi starfrækslu tilnefninganefnda og telur að mat þeirra og ráðleggingar um heildarsamsetningu stjórna sé afar mikilvæg. Nefndin fjallar um tillögur tilnefninganefnda með gagnrýnum hætti og tekur afstöðu til þeirra m.t.t. reglna þessara.

9.4. Starfskjör og kaupaukar

- 9.4.1. Stefnir gerir kröfu um að starfskjarastefna viðkomandi félags sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru lögum samkvæmt og taki mið af *Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja* sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX á Íslandi gefa út, eins og við á.
- 9.4.2. Stefnir styður samkeppnishæf laun og leggst ekki gegn kaupaukagreiðslum og kaupréttum að því gefnu að slíkar greiðslur séu byggðar á árangurstengdum markmiðum, hvetji ekki til óhóflegrar áhættutöku, stuðli að langtímahagsmunum viðkomandi félags og séu í eðlilegu samhengi við rekstrarumhverfið. Slík kjör skulu ákvarðast af fyrirfram skilgreindum markmiðum.

- 9.4.3. Ýmis freistnivandamál (e. Moral Hazard) geta komið upp í tengslum við kaupaaugagreiðslur og kauprétti. Við gerð slíkra launasamninga skal gæta þess að þeir séu ekki á kostnað langtímahagsmuna viðkomandi félags, t.d. þegar árangur er tengdur við kennitölur í rekstri. Stefnir mun því greiða atkvæði með tillögum sem lágmarka freistnivanda og gæta þannig að því að langtímahagsmunir viðkomandi félags séu í forgangi en ekki skammtímahagsmunir stjórnenda.
- 9.4.4. Stefnir styður ekki starfslokagreiðslur sem fara fram úr því sem eðlilegt má teljast í ljósi starfsumhverfis viðkomandi félags og talist geta íþyngjandi fyrir félagið. Slíkar greiðslur við starfslok ættu ekki að fara fram ef starfslok verða vegna ófullnægjandi árangurs.

9.5. Reikningsskil og kosning endurskoðanda

- 9.5.1. Stefnir gerir kröfu til þess að reikningsskil viðkomandi félags séu í samræmi við lög og reglur og að félagið birti fjárhagslegar upplýsingar í samræmi við reglur kauphallar. Jafnframt er gerð krafa um að félagið sinni tilkynningarskyldu sinni til kauphallar, ef um skráð félag er að ræða, og eftirlitsaðila eftir því sem við á.
- 9.5.2. Stefnir gerir kröfur um að ytri endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki sé óháð félaginu. Almennt gerir Stefnir ekki athugasemd við tillögu um endurskoðanda nema ástæða sé til að draga óhæði endurskoðandans í efa eða að endurskoðandinn hafi í störfum sínum sannanlega brotið gegn lögum og reglum svo að ekki verði við unað.

10. Mæting til hluthafafunda

- 10.1. Að jafnaði skal mætt til hluthafafund fyrir hönd sjóða í rekstri félagsins skv. 1.4 gr.. Framkvæmdastjóri Stefnis fer með ráðstöfunarrétt yfir hluthafaréttindum sjóða og veitir starfsmönnum umboð til að mæta til hluthafafunda.
- 10.2. Leitast skal við að a.m.k. tveir fulltrúar félagsins mæti saman til hluthafafunda ef þess er nokkur kostur. Skulu þeir koma fram á hluthafafundi með þeim hætti sem nefndin hefur ákveðið samkvæmt reglum þessum.
- 10.3. Komi upp ófyrirséðar aðstæður á hluthafafundi hafa fulltrúar félagsins fullt umboð til að bregðast við með þeim hætti sem þeir telja að falli best að hagsmunum sjóðanna og í sem bestu samræmi við umfjöllun nefndarinnar og ákvarðanir í aðdraganda hluthafafundar.

11. Þagnar- og trúnaðarskylda

- 11.1. Á nefndarmönnum hvílir þagnarskylda um allt það er tengist verkefnum nefndarinnar og skulu nefndarmenn gæta sérstaklega að því að málefni hennar komist ekki til vitundar óviðkomandi aðila.

12. Ýmislegt

- 12.1. Reglur þessar taka mið af og koma til fyllingar ákvæðum laga nr. 116/2021, laga nr. 45/2020 og reglugerðar 471//2014, auk annarra laga og reglna, eftir því sem við á. Við skýringu þeirra og túlkun ber sérstaklega að líta til þeirrar umboðsskyldu rekstrarfélags gagnvart sjóðum í rekstri þess.
- 12.2. Einungis stjórn Stefnis hf. getur gert breytingar á reglum þessum. Reglurnar skal birta í reglubók Stefnis og á ytra neti Stefnis.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum Stefnis hf. 17. febrúar 2022.

Undirritunarsíða

Sigrún Ragna Ólafsdóttir

Jón Óttar Birgisson

Guðfinna Helgadóttir